

## Breytingartillaga

### við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (WÞÞ, HarB, PállM, NTF, BjG).

1. Tafla í 1. tölul. orðist svo:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Hið opinbera, A-hluti</b>					
Heildarafkoma . . . . .	1,4	-0,8	-0,8	-0,8	-0,5
þar af ríkissjóður, A-hluti . . . . .	1,2	0,0	0,0	0,0	0,3
þar af sveitarfélög, A-hluti . . . . .	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
óvissusvigrúm . . . . .	-	-0,8	-0,8	-0,8	-0,8
Skuldir . . . . .	33,8	30,0	29,5	29,0	28,5
þar af ríkissjóður, A-hluti . . . . .	27,5	23,4	23,1	22,7	22,4
þar af sveitarfélög, A-hluti . . . . .	6,3	6,6	6,4	6,3	6,1
<b>Opinberir aðilar í heild</b>					
Heildarafkoma . . . . .	2,9	0,0	0,2	0,4	1,0
þar af hið opinbera, A-hluti . . . . .	1,4	-0,8	-0,8	-0,8	-0,5
þar af fyrirtæki hins opinbera . . . . .	1,5	0,8	1,0	1,2	1,5
Skuldir . . . . .	59,8	54,0	51,5	50,0	48,5
þar af hið opinbera . . . . .	33,8	30,0	29,5	29,0	28,5
þar af fyrirtæki hins opinbera . . . . .	26,0	24,0	22,0	21,0	20,0

\* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að fráðregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

- I. liður 2. tölul. orðist svo: Heildarjöfnuður A-hluta hins opinbera verði að lágmarki -0,8% af VLF árin 2019, 2020 og 2021 og -0,5% af VLF árið 2022, að meðtöldu óvissusvigrúmi sem nemur 0,8% af VLF, sbr. lið V.
- II. liður 2. tölul. orðist svo: Heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2020 og verði ekki hærri en 28,5% af VLF í árslok 2022.
- Í stað „0,4%“ í 1. másl. V. liðar 3. tölul. komi: 0,8%.
- Við bætist nýr töluliður sem orðist svo:

Alþingi staðfestir að fjármálastefna þessi sé samkvæm þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál, að teknu tilliti til 10. gr. laganna. Í samræmi við breytta afkomu er á árunum 2019–2021 vikið frá því skilyrði 1. tölul. 7. gr. laganna að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður, svo sem heimilt er skv. 1. mgr. 10. gr. laganna.